

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðar og hreppsnefnd Eyrarhrepps hafa samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi eldri gjaldskrár rafveitunnar. 83
23. maí

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. maí 1946.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

84

7. maí

um breytingu á reglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu, um fjallskil og fleira,
nr. 98 frá 15. júlí 1941.

Við 2. gr. 1. málsg. greinarinnar orðist svo:

Þessi eru upprekstrarfélög í Austur-Húnavatnssýslu:

1. Upprekstrarfélag Skagahrepps.
2. Upprekstrarfélag Höfðahrepps.
3. Upprekstrarfélag Vindhælis- og Engihlíðarhrepps.
4. Upprekstrarfélag Bólstaðarhlíðarhrepps.
5. Upprekstrarfélag Auðkúluheiðar.
6. Upprekstrarfélag Ás- og Sveinsstaðahrepps.

Við 26. gr. Greinin orðist svo:

Skilaréttir eru:

1. Hofsrétt.
2. Spákonufellsrétt.
3. Skrapatungurétt.
4. Mjóadalsrétt.
5. Stafnsrétt.
6. Auðkúlrétt.
7. Vatnsdalsrétt.

Aukaréttir eru:

1. Tjarnarrétt.
2. Vindhælisrétt.
3. Kirkjuskarðsrétt.
4. Beinakeldurétt.
5. Hagarétt.
6. Þóromstungurétt.

Ákvæði til bráðabirgða:

Höfðahreppi heimilast að nota Landsendarétt sem skilarétt, þar til Spákonufellsrétt er byggð.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 12 frá 31. maí 1927, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 7. maí 1946.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Árni G. Eylands.